

**223. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 16. apríl 2024 og hófst hann kl. 15:15.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2403224 - Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn fötluðum börnum og ungmennum**

Þann 20. mars sl. boðaði forvarnarfulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga stjórnendur í velferðarþjónustu til fundar vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Er stjórnendum í velferðarþjónustu sveitarfélaga falið það hlutverk að hefja markvisst forvarnarstarf sérstaklega til verndar fötluðum börnum og ungmennum.

Er um að ræða aðgerð E2.í þingsályktun 37/150, fræðsla fagaðila, sjálfboðaliða og annarra sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum en samkvæmt aðgerðaráætlun skal 90% alls starfsfólks, sem starfar með fötluðum börnum og ungmennum, ljúka netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu um grunnatriði kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum fyrir árslok 2025.

Megináhersla í aðgerðaráætlun fyrir árin 2021-2025 verður á að efla aldursmiðaða kennslu og forvarnir í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Falla þessar aðgerðir einnig undir að aðgerð E. 11 í nýsamþykkttri landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks, sem kveður m.a. á um aukna vernd fatlaðs fólks.

Hér er því um að ræða umfangsmikið forvarnarstarf sem verður innleitt á sterkum grunni farsældarvegferðar Akraneskaupstaðar.

Sett verður á fót þverfaglegt teymi sem heldur utan um innleiðinguna.

*Velferðar- og mannréttindaráð telur verkefnið þarft og leggur áherslu á að verkefnið verði innleitt og aðgerðum fylgt eftir með markvissum hætti.*

**2. 24042236 - Farsældardagur Vesturlands 2024**

Þann 16. maí næstkomandi verður blásið til Farsældardagsins á Vesturlandi, sem er hugsaður fyrir framlínufólk í farsældarþjónustu barna í landshlutanum.

Viðburðurinn er liður í áhersluverkefni Sóknaráætlunnar Vesturlands "Farsæld á Vesturlandi" og miðast við að efla velferð barna og ungmenna í landshlutanum.

Markmið Farsældardagsins er að styrkja tengslanet og þekkingu aðila sem koma að farsæld barna og ungmenna. Efnit verður til vinnufundar um eflingu farsældar á

Vesturlandi og útkoma þeirra vinnu mun nýtast stjórnvöldum í ákvarðanatöku er varðar innleiðingu farsældarlaga á Vesturlandi.

Lagt fram til kynningar.

**3. 2401365 - Velferðar- og mannréttindaráð - Áherslur og stefna 2024**

Áherslur velferðar- og mannréttindaráðs árið 2024, á grundvelli heildarstefnu Akraneskaupstaðar, lagðar fram til umræðu.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir verkefni ársins, stöðu þeirra og hvað er framundan.

Ráðið óskar eftir að umfjöllun um verkefni sviðsins og stöðu þeirra með reglubundnum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Krissunn H. Sveinsson

Anita Þín Einarsson

Einar Brændsson

Hilarymmmm Anna Piltir

Silveig Sigurðardóttir